

## Kynniferð til Amsterdam 2.-6. september 2015

Starfsmenn Menningar- og samskiptasviðs Seltjarnarness, lögðu land undir fót 2. september 2015. Fyrirheitna landið var Holland, nánar tiltekið Amsterdam og nágrenni. Brottför var frá Keflavík kl. 7.50 og lentum við á Schiphol um kl. 12 að staðartíma.

Áfangastaður var Hampshire Hotel – Eden hotel, ákaflega vel staðsett rétt við miðbæinn og að sjálfsögðu stóð það á síkisbakka. Herbergin reyndust ágæt og við komum okkur fyrir þar áður en lagt var af stað í leiðangur.

Fyrsti viðkomustaður ferðarinnar var aðalsafn borgarinnar - Openbare Bibliotheek Amsterdam (OBA). [www.oba.nl](http://www.oba.nl). Við heimsóttum aðalsafnið (Central library) - yfirleitt kallað OBA aan het ODE (OBA at the ODE). Það var opnað 7. júlí 2007. Það stendur á fallegum stað, ekki langt frá aðaljárnbrautarstöðinni og er að sjálfsögðu við síki. Þetta er stórt hús, alls 7 hæðir, þar af er bókasafnið á 6 hæðum, en veitingastaður á þeirri efstu, með ljómandi útsýni yfir borgina. Nefnist hann V&L La Place og er n.k. sjálfsafgreiðsla þar. Viðskiptavinur setur sjálfur á diska það sem hann vill borða og borgar eftir því.

Safnið er opið frá 10 til 10 alla daga vikunnar og auðvitað er reiðhjólástæði á góðum stað rétt við húsið.

Alls eru 25 útibú frá safninu víðsvegar um Amsterdam og úthverfi hennar, auk um þrjátíu útlánastöðva í félagsmiðstöðvum og dagvistunum ýmiskonar.

Tengiliður hópsins var René van Dam. Við skoðuðum safnið í tveimur hópum, sinn í hvoru lagi. Mikil starfsemi er í þessu stóra safni. Á hverri hæð er mismunandi efni - t.d. eru flokkuðu bækurnar á einni hæðanna og skáldsögur á annarri. Hillur eru allar hvítar. Í skáldsögu- og efnisflokkaða hlutanum, eru hillustæður um allt, en þær eru lágar úti á gólfi, ein til tvær hillur á hæð, nokkrar stæður saman, en miklar útstillingar eru ofan á þeim og við gaflana. Aðrar hillur eru fjögurra eða fimm hillna stæður við vegg, eða út frá vegg eða gluggavegg, allar með innbyggðum sýningarglerskápum á gaflum við gangveg og lóðréttum ljósasúlum við milliveggina. Massíft safn og mikilfenglegt. Stólar, sófar og vinnuborð eru víða um gólf til þægindaauka. Mögulegt er að fá leigð lítil og stór herbergi fyrir alls kyns hópavinnu. Auk þess er í húsinu salur (theater), sem tekur 250 manns í sæti. Þar eru allt að 1200 mismunandi atburðir haldnir á hverju ári, t.d. leiksýningar, tónleikar og fundir.

Almenningsbókasöfn í Hollandi kaupa sitt efni frá miðlægri stofnun, sem gengur frá bókum og efni til útláns í hverju safni. Kjalmiðar eru bæði eins og við eigum að venjast í flokkaða efnis hillunum, en í afþreyingarefninu eru þeir myndrænir: byssur fyrir sakamál, hjarta fyrir rómana o.s.frv. Slíkir kjalmiðar gætu kannski glatt unga lánþega á bókasöfnum Íslands.

OBA er með hefðbundna bókasafnsþjónustu; útlán, upplýsingaþjónustu, frátektir, tölvuver, barnastundir o.þ.h. Hægt er að kaupa mismunandi aðgang að safninu, misdýran og með mismunandi atriðum inniföldum. T.d. er hægt að kaupa kort sem veitir bara aðgang að tölvuveri / þráðlausu neti safnsins og afslátt á miðum að viðburðum í safninu. Bókasafnsaðgangurinn er þó ókeypis fyrir ungmenni að 19 ára aldri. OBA er eitt af stærstu almenningsbókasöfnum Evrópu. Safnkosturinn er alls um 1,8 milljón eintök af öllum gerðum og það eru reglur um hve mikið má taka að láni í einu, eða taka frá og fer það eftir

aðgangskorti hvers og eins hver þau skilyrði eru. Borga þarf fyrir útlán á hljóðritum, hljóðbókum, myndefni og margmiðlun í flestum tilfellum. Börn og ungmenni eru þó undanþegin því, enda fá þau lánað efni við hæfi.

Í safninu eru 2000 tímarit og dagblöð á ýmsum tungumálum og lesaðstaðan þar er góð, bæði við borð og í þægilegum stólum.

Útlán á ári geta farið upp í um 1,24 milljónir eintaka, en í Amsterdam með úthverfum búa um 1,1 milljón manns.

Barnadeildin er í kjallaranum. Þar eru hillustæðurnar hærrí, einnig hvítar að lit, bogamyndaðar og leiksvæði á milli þeirra. Hillurnar eru opnar og bara raðað inn öðru megin, þannig að birtan flæðir inn á milli hillna. Mikið er um útstillingar o.þ.h. Börn og foreldrar geta látið fara vel um sig, í fallegum stórum stólum eða á púðum á gólfinu og átt notalega stund. Í stórum glerskáp á miðju gólfi, er feiknamikið dúkkuhús: Het Muizenhuis og þar er hægt að gleyma sér yfir fallegum smáhlutum og mýslunum sem þar eiga heima.

Í kjallaranum geta líka gestir safnsins horft inn í kaffistofu/matsal starfsfólksins gegnum glervegg og fylgst með framvindu mála þar.

Í forsal á 1. hæð er píanó við einn vegginn handa hverjum sem vill að spreyta sig á og spila fyrir gesti og gangandi.

Byggingin er svo stór að það var ómögulegt að átta sig á hve margir voru þar inni, hvort það var mikið að gera, lítið eða bara venjuleg umferð.

OBA aan het ODE var valið besta bókasafn Hollands 2012.

Á fimmtudegi 3. september lá leið út fyrir Amsterdam nánar til tekið til Almere. Þetta er ungur bær, byggður á landfyllingu úr Norðursjó kringum 1975. Íbúar eru 195.000 og eru 32% þeirra skráðir notendur safnsins nýja. Borgin er sjöunda stærsta borg Hollands. Af miklum metnaði ákváðu borgaryfirvöld að byggja nýtt bókasafn á aðaltorgi bæjarins og var það opnað 2010. Kallast það Nieuwe Bibliotheek [www.deniwebibliotheek.nl](http://www.deniwebibliotheek.nl). Þetta er fjögurra hæða hús, glerveggir, hátt til lofts og vítt til veggja.

Petra de Munck tók á móti okkur. Við fengum að sjá fyrst mynd um byggingarsögu hússins frá hönnun að opnun. Þar var ekkert til sparað.

Tvö útibú eru frá safninu í hverfum Almere og hafa þau mismunandi opnunartíma, en aðalsafnið er opið alla daga vikunnar, mislengi þó á daginn.

Bókasafnið er á þremur hæðum safnsins 1. 2. og 4., en starfsmenn hafa þriðju hæðina fyrir sína vinnu. Á fyrstu hæð er almenn afgreiðsla t.d. eru útlána- og skilavélar þar og fráteknaðar bækur, en greiðsluvélar eru á sumum efri hæða. Skábraut og stigar liggja meðfram einum stóra gluggavegginum milli hæða og á hverjum stigapalli eru s.k. „shops“ eða bókastöðvar, þar sem eru þematengd efni til sýnis, útláns og uppstillingar, t.d. matreiðslubækur eða glæpasögur. Hvert svæði hefur sinn lit. Barnadeild, tímaritadeild, tölvuver, fjölnotasalur líkt og í OBA og kaffitería eru á sínum stað. Bækur eru líka notaðar sem skraut og er t.d. „bókatré“ raðað kringum eina súlunar í anddyrinu. Líttill garður er útaf 2. hæðinni og mega gestir fara þangað út með efni úr safninu og láta fara vel um sig.

Mikið er af stólum, sófum og slíku í safninu til að gestir geti látið fara vel um sig, enda er gengið út frá því að gestir komi í safnið, ekki beint til að leita að einhverju ákveðnu, heldur til að sjá hvað kemur upp í hendurnar þegar gengið er milli deilda. Alls komu 1.140.000 manns í safnið árið 2013, þannig að það er mikið um að vera. Starfsmenn eru mikið á ferðinni um safnið, bjóða fram aðstoð og mikið er lagt upp úr persónulegri þjónustu. Merkingar á safnefni eru eins og í OBA, en töluvert litríkara er þetta safn þó.

Fjöldi titla í safninu er um 311.000, bækur, tímarit, hljóðbækur, myndefni og margmiðlun. Börn að 12 ára aldri fá frí bókasafnskort, en aðrir kaupa sér aðgang eftir því hvernig þeir ætla að nota safnið.

Greiða þarf fyrir útlán á hljóðbókum, myndefni, tónlist og leikjum. Eins þarf að greiða fyrir pantanir á bókum.

Safnið var valið besta bókasafn Hollands 2010.

Bókasafnið er s.k. Plus bibliotheek (e. Plus library). Það leggur áherslu á háskóla/vísindasamfélag. Í næsta nágrenni safnsins er University for applied science og er mikil samvinna þar á milli.

Þessu tengt er FryskLab bókaþillinn. Þetta er strætisvagn, sem innréttaður hefur verið sem n.k. FabLab, tæknivæðingarbókasafn, sem þó á einungis þrjár bækur! Jeroen de Boer og samstarfsmaður hans tóku á móti okkur í rútunni fyrir utan bókasafnið. Þeir fara milli skóla í héraðinu og kenna börnum á tækni, samvinnu, frumkvæði og að finna lausnir á málum, með aðstoð nýjustu tækni.

Næsti áfangastaður þessa fimmtudags var bókasafnið í Amersfoort, í Utrechthéraði, þar sem Kees van Hensbergen tók á móti okkur.

Þetta er gömul borg, allt frá 13. öld nær saga hennar. Íbúar eru 146.000. Bókasafnið er staðsett í nýrri byggingu – Kunsthal KadE (Culture House Eemhuis), sem stendur við Eem torg (Eemplein) og var opnað að nýju 2014, eftir nokkrar endurbætur.

<http://www.archdaily.com/495483/culture-house-eemhuis-neutelings-riedijk-architects>.

Sú bygging hýsir ýmsa listastarfsemi, sýningarsali, myndlistarskóla, tónlistarskóla og dansskóla, auk héraðsskjalasafns og bókasafns. Veitingastaður er einnig í húsinu og snæddum við hádegismat þar.

Á bókasafninu <http://www.bibliotheekeemland.nl/> tók Kees van Hensberger á móti okkur og leiddi okkur um safnið. Þetta er mikilfenglegt safn, massíft – hillur og innréttingar eru úr gegnheilli eik. Forsalurinn er byggður eins og leikhússalur, n.k. auditorium. Átta pallar gegna hinum ýmsu hlutverkum – tímaritadeild, lesver, tölvuver o.þ.h., á efsta pallinum er kaffibar, með góðu útsýni yfir borgina, en á fyrsta gólfi, neðan fyrsta palls, eru útlána- og skilavélar ásamt hillum fyrir fráteknar bækur auk greiðsluvéla. Gengt er af pöllunum inn í bókasafnsrýmið beggja vegna við, auk annarra aðganga að safnrými, sem alls er á fimm hæðum. Þar eru hefðbundnar bókasafnadeildir – flokkaðar bækur, skáldsögur, unglingsdeild, hljóðbækur, tónlist og myndefni. Á efstu hæðinni er héraðsskjalasafnið og er hluti þess lokaður almenningi. Loftið og efsti hluti veggja er klæddur sérstökum ál-hólum til að bæta hljóðvist. Barnadeildin er stór og björt og þar var mikið fjör á ferðum, a.m.k. tveir bekkir voru í heimsókn. Þar er leiksvæði undir tröppum og sæti við glugga. Einn drengur á að giska 6 ára kom til okkar við einn bókakassann og sýndi okkur bók sem hann var agalega hrifinn af og hafði mörg orð um. Ekki skildum við hann, en gleðin yfir bókinni leyndi sér ekki. Hillur á gólfum eru tvær hillur á hæð og mikið lagt upp úr útstillingum o.þ.h. Gluggaop eru á öllum hæðum sem opnast út í forsalinn stóra, þannig að hann virkar eins og húsagarður ef staðið er á efsta palli í anddyrinu.

Safnið er opið frá 9-21 alla virka daga, en styttra um helgar. Líkt og í hinum söfnunum er hægt að kaupa mismunandi aðgang að safninu og börn yngri en 12 ára frá frí skírteini.

Á efstu hæðinni er flott útsýni yfir gamla borgarhliðið Koppelpoort, sem lokið var við að smíða 1425. Áin Eem rennur þar í gegn og handan þess er gamli bærinn. Einnig í þessu

bókasafni eru bækur notaðar sem skraut og uppstilling.

Bókasafnið lenti í 3. sæti í kosningu um besta bókasafn Hollands 2015.

Að þessari skoðun lokinni var förinni heitið aftur til Amsterdam. Nú skyldu allir undirbúa sig undir ferð á landsleik Hollands og Íslands í fótbolta. Við héldum þennan fína töflufund í einu herbergjanna. Svo var haldið af stað á Dam torg til að hitta hina Íslendingana sem voru komnir til að styðja landsliðið. Við vorum í bláum bolum (Gróttubolum reyndar), með trefla og fána, en það var ekki laust við að nokkuð færi um mig, þegar við gengum gegnum þvögur af fólki í sínum appelsínugulu fötum, s.s. stuðningsmenn hollenska landsliðsins. Allir voru þó kurteisir, enda ekki ástæða til annars. Við fengum þó aðeins að heyra það að Íslendingar myndu tapa leiknum. Á Dam torgi var svo margt fólk, að okkur var ráðlagt að fara upp að leikvanginum og fá okkur frekar að borða þar. Það var upplifun í sjálfu sér að fara í neðanjarðarlest. Á leiðarenda var þó ljóst að fjöldi manns var þar í sama tilgangi, en við fengum sæti á asískum veitingastað og það gekk vel.

Hafi margir Íslendingar verið á Dam torgi, voru ekki færri fyrir utan einn veitingastað/krá við leikvanginn. Leikurinn og að vera þarna ásamt 50.000 manns þar af 3000 Íslendingum, var ákveðin reynsla og mikil stemning, enda unnu Íslendingar leikinn (0-1), sem frægt mun verða um ókomna framtíð.

Föstudagurinn 4. september rann upp með mikilli rigningu.

Fyrri áfangastaður dagsins var bókasafnið í Gouda. Saga bæjarins nær aftur til 12. aldar og frægastur er hann fyrir Gouda ostanta sína. Íbúar eru 71.000. Nan van Schendel stjórnandi safnsins tók á móti okkur. Safnið er í gamalli súkkulaðiverksmiðjuhúsi, en sú verksmiðja flutti sig um set í bænum. Ákveðið var að loka þremur bókasöfnum í borginni og opna eitt stórt safn í þessu gamla húsi. Byggingin var aldrei kölluð annað en súkkulaðiverksmiðjan af íbúum borgarinnar og hélt því safnið einnig því nafni og er kallað Chocodafabrick <http://www.bibliotheekgouda.nl/>

Það var opnað með pompi og prakt í lok febrúar 2014 og eru allir ánægðir með safnið og staðinn núna, en hann er rétt utan við gamla bæinn, en í göngufæri við lestarstöðina og bílastæði eru við húsið. Alls eru 6 útibú frá safninu í borginni – Kinderbibliotheek og Uitleenpunt. Eftir kynningu á húsinu og starfsemi þess, skoðuðum við það. Þar eru einnig héraðsskjalasafn og prentsmiðja. Í húsinu eru línur á gólfi sem sýna hvernig súkkulaðivélunum var raðað á gólfið og veggir eru einnig með skreytingum sem minna á upprunann. Pallettur gegna því hlutverki að vera undirstöður bókahillnanna á efri hæð og staflar af þeim eru ústillingarborð á neðri hæð og á veitingastaðnum. Byggingin er á tveimur hæðum, á fyrstu hæðinni er barna- og unglíngadeild ásamt skáldsögum, en flokkaðar bækur eru á efri hæð, auk skjalasafnsins og prentsmiðjunnar. Þar eru einnig vinnuherbergi t.d. fyrir ljósmyndatökur. Í barnadeildinni er einnig n.k. upplifunarsvæði með gömlum hlutum eins og ritvélum og búningum til að máta. Þá er á fyrstu hæðinni útlána- og skilaborð ásamt hillu frátekkinna bóka. Mikið er gert úr miðlun upplýsinga og útgangspunktur starfseminnar er sköpun – örvun – þátttaka. Einkunarorð safnsins er: Kennis maakt (við viljum þekkja þig/kynnast þér) og t.d. er yfirlitskort af borginni á einum vegg og geta gestir safnsins sett „post-it“ miða með skilaboðum ýmiskonar á kortið, enda er verkefnið „Hver hefur áhrif á þig?“ í gangi (n.k. hver inspírerar þig?)

Útlán hafa aukist í safninu eftir flutninginn.

Auditorium – setusvæði er milli hæða og eru haldnir viðburðir þar. Bak við sviðstjöldin er svo veitingastaðurinn Kruim, sem einnig selur ýmsar vörur og þar er líka tímaritadeildin staðsett. Nýjung á safninu er auglýsingaskjár í lofti milli inngangsins og veitingastaðarins, þar sem vakin er athygli á ýmsu í starfsemi safnsins. Nan van Schendel var elskuleg að gleðja okkur með tilkynningu á þessum skjá, þar sem við vorum boðnar velkomnar.

Merkingar á safnefni er eins og í hinum bókasöfnunum og bókasafnsskírteinin virka svipuð. Starfsmenn eru við á safninu frá 11-20 virka daga og 11-17 um helgar, en utan þess tíma, er sjálfsafgreiðsla í húsinu þ.e. fyrir 11 á virkum dögum og frá 17-20 um helgar.

Bókasafnið í Gouda var kosið besta bókasafn Hollands 2015.

Síðasti áfangastaður kynnisferðar okkar var bókasafnið í Delft – de Bibliotheek DOK Delft.

<http://www.dok.info/>

Þar tók Marijke Timmerhuis á móti okkur. Delft er gömul borg, allt frá 11. öld og er m.a. þekkt fyrir bláa postulínið og að Johannes Vermeer listmálari bjó þar. Grafhvelving hollensku konungsfjölskyldunnar er í Nýju kirkjunni (Nieuwe Kerk). 15.000 manns eru í Tækniháskólanum þar og setur hann óneitanlega svip sinn á borgina, auk þess sem UNESCO er þar með stóra rannsóknaraðstöðu á vatnsveitum.

Bókasafnið er á tveimur stöðum, en við heimsóttum aðalsafnið í miðbænum. Þetta er stórt safn á tveimur og hálfri hæð og var opnað í júní 2007. Á fyrstu hæð er auk útlánaefnis, m.a. margmiðlun í snertiskjám um sögu Delft. Á efri hæðinni er m.a. kaffitería, unglíngadeild, tónlistardeild, myndefni og tímaritadeild. N.k. svalir mynda efri hæðina og þá hálfu. Gluggar eru stórir og þakgluggar hleypa inn birtu.

Á efri hæðinni er líka stór barnadeild og þar var líf og fjör. Börn og foreldrar lesa, leika, eru í tölvuleikjum og borða. Þar er líka s.k. „Halló heimur“ (Hallo Wereld), upplifun og fræðsla fyrir börn, sem felst í að skoða, skynja og búa til. Börnin læra með því að leika sér gegnum listina. Okkur leist nú svona mátulega á hluti úti á miðju gólfi, sem voru með langa stálpinna standandi út í allar áttir!! Ljósakúlan sem myndaði mynstur þegar stappað var á gólfið fyrir neðan var skemmtileg og hægt að hoppa þar ótakmarkað. Þar er líka listaverkaútlánadeildin. Þessar tvær deildir eru lokaðar á mánudögum og þriðjudögum. Safnið er opið alla daga nema sunnudaga, mislengi þó og aldrei lengur en til kl. 18 á daginn.

Framlög til safnsins hafa dregist saman á undanförunum árum og þau hafa farið þá leið að leita samstarfs við skóla borgarinnar um lestrarkennslu/lestrarefningu og fá framlag frá borginni í staðinn.

Safnið er opið og frjálst og reglur fáar. Það var mikill erill þarna og unglíngar létu fara vel um sig í kósý stólum og sófum. Árlega koma um 450.000 gestir í safnið.

Marijke sýndi okkur einnig aðstöðu starfsmanna á efstu hæðinni (þeirri hálfu). Þar er opið niður í safnið, bjart og rúmgott.

Safnkostur er merktur á sama hátt og í fyrrnefndum söfnum og útlánadeild og þjónusta hennar eru svipaðar, t.d. hvað varðar möguleika á mismunandi aðgangi. Delftpas (n.k. íbúapassi) veitir ýmiskonar afslátt m.a. af lánþegaskírteinum.

Bókasafnið var kosið besta bókasafn Hollands 2009.

Á föstudagskvöldinu fórum við saman út að borða á „Fimm flugur“. Vertinn þar var mjög áhugasamur að sýna okkur myndir úr sögu staðarins og maturinn var ágætur.

Laugardagur var notaður í skoðunarferð um Amsterdam og verslunarleiðangur. Við skiptum nokkuð liði og allar undu glaðar við sitt.

Um kvöldið var snæddur kvöldmatur á indónesískum veitingastað við Rembrandtplein, stórt torg í hjarta Amsterdam, en tvær úr hópnum fóru annað.

Sunnudagur fór í heimferð í tveimur hollum. Þær sem áttu kvöldflug notuðu daginn í skoðunarferðir og göngutúra, aðrar skönnuðu búðirnar á Schiphol.

Ferðin var skipulögð af Kristínu Arnþórsdóttur með dyggri aðstoð FOBID – Netherlands library forum.

Ferðafélagar auk Kristínar og Gunnhildar Loftsdóttur voru Elsa Hartmannsdóttir, Dagný I. Þorfinnsdóttir, Laufey Þórðardóttir, Ingibjörg R. Vigfúsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir og Soffía Karlsdóttir.

Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir samveruna.

Gunnhildur Loftsdóttir

Kristín Arnþórsdóttir